

Þingsályktun

um verðbólguþingsályktun.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra aðila til að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólguþingsályktunum hérlendis. Athugun nefndarinnar nái m.a. til skoðunar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo og á fyrirkomulagi á fjárreiðum ríkisins.

Nefndina skipi m.a. endurskoðendur, kennarar í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands og sérfræðingar úr ráðuneytum viðskipta og fjármála, svo og aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaði hérlendis og búa yfir viðtækri þekkingu á þessu sviði.

Nefndin ljúki störfum fyrir apríllok 1998 og geri tillögur um lagabreytingar ef hún telur nauðsyn á því.

Samþykkt á Alþingi 13. maí 1997.